



RÓTARÝKLÚBBURINN  
REYKJAVÍK AUSTURBÆR

Þannigð í verki

Rótarýumdæmið á Íslandi

**66. UMDÆMISÞING**

*haldið í Reykjavík 14.-15. október 2011*

## KÆRU RÓTARÝFÉLAGAR

Að þessu sinni kemur það í hlut Rótarýklúbbsins Reykjavík Austurbær að halda umdæmisþing Rótarýumdæmisins á Íslandi. Þingið verður haldið á Hótel Loftleiðum dagana 14. og 15. október næstkomandi.

Það er mér ánægja að gegna embætti forseta Rótarýklúbbsins Reykjavík Austurbær á þessum tímamótum klúbbsins. Flestir klúbbfélagar taka virkan þátt í undirbúningi komandi umdæmisþings og er hann kominn vel á veg. Stefnt er að því að dagskrá þingsins verði bæði fróðleg og hvetjandi og að þinggestir muni njóta jafnt samverunnar sem samvinnunnar.

Rótarýklúbburinn Reykjavík Austurbær var stofnaður árið 1963. Fjöldi félaga er nú riflega áttatíu. Ásamt því að styðja við bakið á hefðbundnum Rótarýverkefnum hefur verið lögð áhersla á að styrkja innviðina og tengsl klúbbsins út á við. Markmiðið er að verða betur í stakk búin til að huga að og vinna samkvæmt Rótarýhugsjóninni hvort heldur í störfum eða frítíma. Fátt gefur lífinu eins mikið gildi og að fá tækifæri til að styðja þá sem þarfnast.

Á síðustu misserum hefur verið lögð áhersla á að auka hlutfall kvenna í klúbbum. Með hverjum nýjum félaga hefur klúbburinn styrkst og eflst. Sameinaður kraftur beggja kynja sem skarta fjölbreyttri menntun og reynslu getur áorkað miklu í þágu Rótarýhugsjónarinnar.

Á komandi umdæmisþingi gefst tækifæri til að stilla saman strengi í þágu mannúðarverkefna. Tökum höndum saman, leitum fyrirbyggjandi leiða og veltum fyrir okkur með hvaða hætti hægt er að bæta líf og umhverfi þeirra sem búa við bágar aðstæður. Sýnum mannúð í verki.

*Með Rótarýkveðju,*

*Kolbrún Baldursdóttir*

*forseti Rótarýklúbbsins Reykjavík Austurbær*



## DAGSKRÁ

FÖSTUDAGUR 14. OKT.

*Hótel Loftleiðir, Víkingasalur*

Kl. 15.00 - 17.15

Skráning, setning, ávörp, tónlist.

Látinna féлага minnst.

Kl. 17.30 – 19.30

Rótaryfundur.

Kvöldverður, tónlist og dagskrá tengd þema þingsins.

*Makar og aðrir gestir Rótaryfélaga velkomnir.*

LAUGARDAGUR 15. OKT.

*Hótel Loftleiðir, Víkingasalur*

Kl. 09.30

Skráning.

Kl. 10.00 – 12.15

Þingstörf.

Kl. 12.30- 14.30

Hádegisverður og fjölbreytt dagskrá tengd "Mannúð í verki".

Mökum þingfulltrúa er sérstaklega boðið til hádegisverðarinnar og dagskrárinnar í kjölfar hans.

Kl. 14.30

Þingi slitið.

*Harpa*

tónlistar - og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.

Kl. 19.00

Hátíðarkvöldverður.

Tónlist, skemmtiatriði, söngur.



## GERUM BETUR

Einkunnarorð verðandi forseta Rotary International, Kalyan Banerjee frá Indlandi, eru "Reach Within to Embrace Humanity". Útleggja má þau orð á íslensku sem hvatningu til að hlýða mannægsku hjarta okkar. Það er því vel við hæfi að umdæmisþingi næsta starfsárs skuli hafa verið valið þemað „Mannúð í verki“. Ég dreg ekki í efa að dagskrá með slíku ívafi getur bæði vakið okkur til umhugsunar og orðið okkur hvatning til aðgerða.

Vert er að staldra við og hugleiða einkunnarorð Rótaryhreyfingarinnar. Hversu oft látum við hjá líða að rækta okkar innri mann og sjá til þess að góðverkin, stór og smá, komist í verk en verði ekki aðeins fagrir draumar eða jafnvel orðin tóm?

Með aðild okkar að Rótaryklúbbi og alheimshreyfingunni gefst okkur tækifæri til að efla okkur sjálf og vinna með öðrum að góðum verkum. Með mætingu okkar á fundi njótum við ávaxta gefandi félagsskapar og fróðlegra erinda. Með greiðslu félagsgjalda og margvíslegu félagsstarfi leggjum við hvert fyrir sig lóð á vogarskálur þess mikla mannúðarstarfs sem Rótaryhreyfingin innir af hendi. Í því starfi taka Rótaryfélagar um allan heim saman höndum. Hvert og eitt okkar tekur þátt með hverjum fundi, með hverju fjárframlagi og með hvers kyns stuðningi við klúbbinn sinn og hreyfinguna.

Nýtum þau tækifæri sem bjóðast í Rótary. Höfum sígilda fjórprófið okkar í heiðri og höfum það einnig að leiðarljósi að njóta samvistanna og hafa gaman af því að standa saman og láta verkin tala.

Ég hvet Rótaryfélagi til að gera umdæmisþingið að góðum mannfagnaði og aflvaka til að hlýða þeirri mannægsku sem býr í hjörtum okkar allra. Í þeim efnum getum við vafalaust öll gert betur.

*Tryggvi Pálsson*

*umdæmisstjóri 2011-2012*

